
Snemmtæk íhlutun
í málörvun tveggja
til þriggja ára barna

BJARGIR

10.1

Yfirlit verkferla

Er búið að:	
	✓
Fara yfir bakgrunnsupplýsingar frá foreldrum?	
Fylla út gátlista til frumkönnunar varðandi málskilning, máltjáningu, leik og boðskipti?	
Fara með barnið í 2½ árs skoðun heilsugæslunnar?	
Fá bréf varðandi niðurstöður úr 2½ árs skoðun Heilsugæslunnar?	
Gera foreldrum grein fyrir grunsemdum um stöðu barnsins hvað varðar mál, tal og boðskipti?	
Fá leyfi foreldra til þess að leggja fyrir viðeigandi athugunarlista/gátlista?	
Leggja fyrir viðeigandi athugunarlista/gátlista?	
Fara yfir niðurstöður athugunarlista/gátlista með foreldrum? (skrifleg skil)	
Fá skriflegt leyfi frá foreldrum fyrir ítarlegri greiningu hjá sérfræðipjónustu?	
Útbúa skilgreinda málörvunaráætlun út frá þörfum barnsins?	
Veita foreldrum fræðslu?	
Skrá hvað er gert í málörvunartímum?	
Senda verkefni heim?	
Meta árangur?	

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.2

Spurningalisti fyrir foreldra ungra barna (tveggja til þriggja ára) sem eru að byrja í leikskólanum

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Atriði tengd málproska:

Málpróun / málproski boðskipti			
	Já	Nei	Veit ekki
Byrjaði barnið að tala á eðlilegum tíma?			
Hefur barnið farið í 2½ árs skoðun?			
Hefur barnið verið með þrálátar eyrnabólgur?			
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?			
Finnst þér orðaforði barnsins vera aldurssvarandi?			
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi?			
Er barnið byrjað að tengja saman tvö-þrjú orð?			
Réttir barnið hluti samkvæmt beiðni?			
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?			
Sýnir barnið vanvirkni og lítinn áhuga á umhverfinu?			
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti?			
Á barnið auðvelt með augnsamband?			
Bregst barnið við nafninu sínu?			
Getur barnið nefnt hluti á myndum?			
Sýnir barnið þörf fyrir boðskipti?			
Notar barnið leikföng á viðeigandi hátt?			
Hefur barnið áhuga á bókum?			
Sýnir barnið áhuga á öðrum börnum?			
Hefur málpróunin stoppað hjá barninu á einhverjum tíma?			
Hefur barnið sýnt erfiða hegðun tengda málhömlun?			
Hefur greinst málhömlun eða lestrarörðugleikar í fjölskyldu?			
Annað sem þú vilt taka fram:			

Hvaða væntingar hefur þú varðandi málörvunartíma í leikskólanum?			

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.3

Mikilvægar bakgrunnsupplýsingar tví- eða fjöltyngdra barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Um barnið	
Er barnið fætt á Íslandi?	
Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?	
Hvert er móðurmál barnsins?	
Tala foreldrar sitt móðurmál við barnið?	
Er barnið í íslenskum leikskóla? (lengd dvalartíma)	
Hefur barnið tök á því að dveljast í íslensku málumhverfi fyrir utan skóla?	
Hafa greinst málþroskafrávik eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?	
Á barnið í erfiðleikum með málskilning eða máltjáningu á eigin tungumáli?	
Hefur barnið greinst með heyrnarskerðingu?	
Er barnið með lítinn orðaforða miðað við jafnaldra á eigin tungumáli?	
Er barnið með mikil framburðarfrávik á eigin tungumáli?	
Hafa foreldrar áhyggjur af málþroska barnsins?	
Finnst barninu gaman að láta lesa fyrir sig?	
Var meðganga og fæðing eðlileg?	
Annað sem foreldrar/forráðmenn vilja taka fram:	

10.4

Hagnýt ráð fyrir foreldra og forráðmenn ungra barna

- Munið eftir að fara með barnið ykkar í 2 ½ árs skoðun hjá Heilsugæslunni og fáið nákvæmar upplýsingar um hvernig barnið ykkar kemur út úr þroskamati (*Brigance*) sem er lagt fyrir. Ef ástæða er til leitið til barnalæknis og viðeigandi greiningarteyma til þess að þjónusta barnið
- Farið með barnið ykkar í heyrnarmælingu ef það hefur verið með miklar eyrnabólgur, vökva í eyrum eða ef grunur vaknar um að það heyri illa
- Ef þið hafið áhyggjur af málþroska barnsins skuluð þið leita til talmeinafræðings og biðja um málþroskamat. Ekki bíða og sjá til, fylgið eigin sannfæringu. Foreldrar þekkja börnin sín best og hafa yfirleitt rétt fyrir sér varðandi áhyggjur af málþroska
- Athugið að hægt er að setja barn á biðlista hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi á stofu áður en er leitað til barnalækna eða greiningarteyma
- Það er mikilvægt að huga sérstaklega vel að þeim börnum sem eiga fjölskyldusögu um lestrarerfiðleika, athyglisbrest eða málhömlun. Rannsóknir sýna að slík vandamál geta erfst og því fyrr sem börnin finnast því auðveldara er að vinna í anda snemmtækra íhlutunar sem sýnt hefur verið fram á það að dragi úr afleiðingum frávika síðar meir
- Meðalorðaforði 24-25 mánaða gamalla stúlkna er 366 orð og meðalorðaforði drengja á sama aldri er 268 orð samkvæmt *Orðaskil-orðaforðagátlista* (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998)
- Verið meðvituð um það að vera í augnhæð barnsins þegar þið eigið samskipti við það, notið virka hlustun og bíðið eftir viðbrögðum þess. Talið um það sem það sýnir áhuga á. Spyrið opinna spurninga sem ekki krefjast eingöngu *já* og *nei* svara. Leggið áherslu á það að skapa þörf fyrir boðskipti fyrir barnið með því að skapa aðstæður þar sem það þarf að tjá sig, t.d. við að biðja um meira við matarborð, biðja um hjálp við klæðnað, biðja um uppáhaldsleikfang sitt með nafni. Í öllum samskiptum þarf að leggja áherslu á það að sætta sig ekki við tos og bendingar, heldur hjálpa barninu að nota orð eða tákn og leggja því orð í munn eftir þörfum
- Börn læra stöðugt ný orð og til þess að auðvelda þeim að efla orðaforðann þurfum við að vera þeim góð fyrirmynd. Góð regla er að setja orð á það sem þið sjáið og gerið og vera viss um að barnið hlusti á fyrirmæli og skilji til hvers sé ætlast af því. Notið sjónrænan stuðning samhliða orðum, s.s. Tákn með tali, bendingar, hluti, myndir eða önnur tákn sem barnið getur skilið
- Kennið börnunum ykkar undirstöðupætti fyrir boðskipti, eins og að *hlusta*, *bíða*, *gera til skiptis* (*fyrst ég, svo þú*), *horfa*, *veita athygli* og *herma eftir*. Hægt er að vinna með þessa þætti í félagslegum samskiptum og í gegnum hefðbundnar rútínur daglegs lífs
- Notið daglegar aðstæður til þess að styrkja málþroska barnsins. Daglegar aðstæður s.s. matartíma, útiveru og leikaðstæður sem stuðla að málörvun (t.d. búðarleik, dúkkuleik, boltaleik, bílaleik). Nefnið líkamshluta, t.d. þegar verið er að baða eða hátta barnið. Gott er að nefna liti, tölur og bókstafi þegar slíkt á við. Þegar verið er að auka við mál barns er mikilvægt að nota fjölbreytta orðflokka. Ekki er nóg að nefna eingöngu hluti. Þó nafnorð séu mikilvæg þarf barnið

einnig að komast í kynni við orð sem lýsa útliti og áferð (þ.e. *blautur, mjúkur, stuttur*), athöfnum (þ.e. *fara, hlaupa, sofa, borða*), tilfinningum (þ.e. *gladur, leiður, þreyttur*), staðsetningum (þ.e. *upp, niður, undir, við hliðina á*), tímahugtökum (þ.e. *núna, seinna, á eftir*) og svo framvegis. Notið sömu orðin í mismunandi samhengi og við sem flestar aðstæður. Einfalt dæmi til útskýringar: „*Sjáðu kisuna!*“, „*Kisan sefur.*“, „*Átt þú kisu?*“. Börn þurfa að heyra orð mörgum sinnum til þess að geta munað það og á endanum sagt það sjálft, einu sinni er ekki nóg

- Notið „valspurningar“ til að fá svörun frá barninu. Ef þið spyrjið *Viltu mjólk eða djús?* eru meiri líkur á því að þið fáið munnlegt/TMT svar frá barninu. Ef þið spyrjið *Viltu djús*, þá hefur það meiri möguleika á því að kinka bara kolli
- Lengið setningar barnsins með því að nota „víkkunaraðferð“, sem gengur út á það að nota fleiri orð en barnið tjáir, t.d. ef barnið segir *Mömmu bíll!* þá getur þú sagt *Já, bíllinn hennar mömmu er rauður*
- Kennið börnunum ykkar að umgangast bækur og byrjið snemma að lesa fyrir þau á hverjum einasta degi og endilega aftur og aftur sömu bókina/söguna til þess að hvetja barnið til þess að segja alls konar orð. Verið viss um að velja bækur sem hæfa aldri og áhuga barnsins. Dæmi um bækur sem henta allra yngstu börnunum eru bækur sem gefa frá sér hljóð eða hreyfimyndabækur, myndaorðabækur, bækurnar um Bínu bálreiðu og Klár kríli. Stoppið reglulega til þess að skoða myndirnar, benda á og nefna. Einnig er mikilvægt að byrja snemma að leika sér með málhljóðin (sjá hugmyndir: Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009; Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Þegar barnið segir eitthvað óskýrt eða rangt er mikilvægt að leiðrétta það ekki með aðfinnslum. Endurtakið heldur rétt það sem það segir rangt (einfalt dæmi til útskýringar: „*dól*“ – „*já, stóll*“ eða „*mamma dida dólinn*“ – „*já, mamma situr á stólnum*“)
- Leggið áherslu á það að vera í góðri samvinnu við starfsfólk leikskólans sem barnið þitt er á. Ef barnið þitt er í sérstökum málörvunartímum skuluð þið leitast við að kynna ykkur hvað er verið að vinna með og fáið ráðleggingar um það hvernig þið getið unnið heima og þannig stutt við þá vinnu sem er verið að inna af hendi í leikskólanum

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og Bergrós Ólafsdóttir talmeinafræðingur

10.5

Boðskipti – undanfari máls tveggja til þriggja ára

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Sýnir látbragð og vilja til aðgerða		
Er byrjað að túlka þörf með látbragði eða svipbrigðum til þess að fara á kopp eða klósett		
Sýnir táknrænan leik (sbr. hella úr könnu, ýta kerru á undan sér, þykist tala í síma, spila á hljóðfæri o.s.frv.)		
Sýnir ætlun, eftirvæntingu og áhuga á félagslegu samspili		
Getur setið kyrrt og hlustað		
Getur beðið og gert til skiptis í samtali		
Sameinar athygli með öðrum (e. <i>joint attention</i>)		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.6

Málskilningur tveggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Fer eftir einföldum fyrirmælum		
Réttir hluti eftir beiðni		
Lærir ný orð		
Þekkir nokkra líkamshluta		
Skilur sagnorð/athafnir		
Þekkir hluti og athafnir á myndum		
Bendir á einfaldar myndir samkvæmt beiðni		
Þekkir lýsandi hugtök, eins og <i>lítill</i> , <i>stór</i> og <i>meira</i>		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.7

Málskilningur þriggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:			
	Getur	Getur ekki	þarf þjálfun
Skilur hugtökin <i>einn</i> og <i>margir</i>			
Fylgir tveggja liða fyrirmælum			
Svarar <i>já</i> og <i>nei</i> spurningum			
Skilur spurnarorð			
Skilur hluta af heild (t.d. „ <i>bentu á augun á kisunni</i> “)			
Skilur notkun hluta			
Skilur neitun (<i>ekki</i>) í setningum			
Skilur lýsingarorð			
Þekkir nokkur litaheiti			

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.8

Máltjáning tveggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Getur tjáð sig í tveggja til þriggja orða setningum		
Notar nafnið sitt		
Er byrjað að nota fornöfn; <i>minn, mín</i>		
Nefnir algengar myndir, athafnir og hugtök úr nánasta umhverfi		
Notar að minnsta kosti 100 merkingarbær orð		
Er byrjað að nota lýsingarorð; <i>stór, lítill, góður...</i>		
Getur myndað málhljóðin: /b/, /m/, /n/ og nokkra sérhljóða		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.9

Máltjáning þriggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:			
	Getur	Getur ekki	þarf þjálfun
Endurtekur stuttar setningar			
Notar að minnsta kosti 400 orð			
Segir til um líðan			
Getur tjáð sig um nýliðna atburði			
Tjáir sig í setningum			
Segir til um kyn og nafn			
Notar persónufornöfn, fleirtölu, afstöðuhugtök og eignarfornöfn (hans/hennar/minn/þinn)			
Biður um hluti á viðeigandi hátt			
Myndar málhljóðin: /b/, /m/, /n/, /h/, /d/, /p/, /t/, /k/ og sérhljóða			

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.10

Leikur tveggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Flokkar hluti		
Hermir eftir daglegum atburðum í leik		
Velur á milli leikfanga		
Hermir eftir dýrahljóðum		
Leikur við hliðina á öðrum börnum		
Notar flest leikföng á viðeigandi hátt		
Sýnir áhuga á bókum og hefur gaman af því að láta lesa fyrir sig		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.11

Leikur þriggja ára barna

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:		
	Gerir	Gerir ekki
Er byrjað í hlutverkaleik (hermir eftir mömmu, pabba, starfsfólki leikskóla)		
Notar dúkku, bangsa og tuskudýr sem leikfélaga		
Notar einn hlut til þess að standa fyrir margt annað í leik (t.d. að nota kubba fyrir bíl)		
Sýnir meiri tilbreytni í leik		
Biður um að láta lesa fyrir sig (oft sömu söguna)		
Er byrjað að leika sér með málið (rím)		

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.12

Dæmi um úrvinnslu eftir að búið er að leggja fyrir málþroskaprófið Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða og færni ungra barna á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skoðað hvort málþroski barna á þessum aldri falli innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Prófið skiptist í tvo hluta: Orðaforðagátlisti og setningagerð (Elín Þóll Þórðardóttir, 1998).

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags. prófunar: _____

Kaflí I-A – Orðaforðagátlisti

Stigafjöldi í þessum kafla er sá fjöldi orða sem foreldrar hafa merkt við.

Nafn barns: _____ fékk samtals ____ orð.

Meðaltal orða hjá drengjum/stúlkum á ofangreindum lífaldri er _____ orð.

Nafn barns: _____ er með orðaforða ____ í meðallagi ____ undir meðallagi ____ yfir meðallagi ____

Kaflí II-E – Setningagerð

Í þessum kafla eru setningapör og er seinni setningin í hverju pari flóknari en sú fyrri á einhvern hátt. Gefið er fyrir þennan kafla með því að telja hversu oft foreldrar hafa merkt við seinni setninguna í setningapari. Hver setning sem foreldrar merkja við gefur eitt stig.

Nafn barns: _____ fékk ____ stig.

Meðaltal fyrir drengi/stúlkur á ofangreindum lífaldri er ____ stig

Nafn barns: _____ fékk samtals ____ stig.

Meðaltal setningagerða hjá drengjum/stúlkum á ofangreindum lífaldri er _____ stig

Nafn barns: _____ er með setningagerðir:

____ í meðallagi ____ undir meðallagi ____ yfir meðallagi ____

Niðurstöður

Veikleikar koma fram í orðaforða barnsins _____

Veikleikar koma fram í setningagerð hjá barninu _____

Veikleikar koma fram í bæði orðaforða og setningagerð _____

Hugmyndir að úrræðum

- ☐ Heyrnarmæling.
- ☐ Nánari skoðun á málþroska (*Íslenski smábarnalistinn, TRAS, A.E.P.S.*).
- ☐ Tilvísun til talmeinafræðings.
- ☐ Tilvísun til sálfræðings eða greiningarteymis.
- ☐ Stuðningstímar og einstaklingsáætlun út frá niðurstöðum. Skilgreind málörvun út frá þörfum barnsins.
- ☐ Viðtal við foreldra/ráðgjöf varðandi málörvun/heimavinnu.
- ☐ Samvinna (talmeinafræðingur, leikskólasérkennari, þroskaþjálfari, sálfræðingur, foreldrar, aðrir starfsmenn leikskólans).
- ☐ Fylgja eftir áherslum í málörvun inni á deild, í útiveru, matartíma og samverustundum.
- ☐ Val á viðeigandi bókum.

Undirskrift umsjónaraðila/sérkennslustjóra

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Eva Dögg Gylfadóttir

10.13

Sýnishorn af bréfi til foreldra með niðurstöðum úr Orðaskilum frá leikskólanum Akraseli, Akranesi



Trúnaðarmál

Niðurstöður úr *málþroskaprófinu Orðaskil*

A orðaforðagátlisti og E setningagerð.

Nafn: Pálína Páls.
kennitala: 130303-3333
Foreldrar: Páll Pálsson og Anna Jónsdóttir

Niðurstöður

Lífaldur við prófun: 47 mánuðir og 11 daga.

Við útreikninga á niðurstöðum var notuð styttri útgáfa af málþroskaprófinu *Orðaskil* sem metur virkan orðaforða og setningagerð hjá 18 mánaða til 36 mánaða gömlum börnum.

Í orðaforða kom fram að Pálína notar 425 orð sem telst vera töluverð frávik samkvæmt þessu prófi. Stúlkur 36 mánaða að aldri nota að meðaltali 626 orð.

Í setningagerð fékk Pálína 10 stig sem telst vera töluverð frávik samkvæmt þessu prófi. Stúlkur 36 mánaða að aldri fá að meðaltali 37 stig.

Niðurstöður prófsins sýna frávik er í orðaforða og setningagerð.

Lagt er til að Pálína fari í frekari greiningu hjá talmeinafræðingi með samþykki foreldra. Tekið skal fram að markviss málörvun í anda snemmtækrar íhlutunar fer strax af stað fyrir barnið þitt í leikskólanum. Undirrituð mun bjóða foreldrum á fund fljótlega til þess að fara yfir niðurstöður prófsins og ræða leiðir til úrbóta.

Staður og dagsetning

Undirskrift sérkennslustjóra

10.14

Hugmynd að vinnu út frá Orðaskil
orðaforðagátlista fyrir þriggja ára gamalt barn

Fólk, staðir, leikir rútína	Nafnorð	Sagnorð	Lýsingaorð, fornöfn, fleirtala	Smáorð og setningar
fjölskylda/vinir leikskóli/nöfn nemendur starfsmenn skóla heilsa, kveðja byrja, búinn takk fyrir daginn syngja má ég fá viltu leika hjálpa	föt líkaminn matur leikföng dýr farartæki staðir húsgögn algengir hlutir búsáhöld áhugamál	Aðstæður matarborð leikaðstæður fataklefi útivera baðherbergi búðarferð	líðan þarfir tilfinningar andstæður litir stærðarhugtök einn/margir	Samtengingar og eða að Atviksorð strax ekki eins Spurnarorð hvað hver hvar
		Einföld fyrirmæli sitja horfa hlusta bíða gera til skiptis muna	Fornöfn ég, þú, við hann, hún, við, mitt, minn, mín hans, hennar	Afstöðuhugtök uppi á undir
			Eintala/fleirtala sokkur-sokkar bolti-boltar	

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur

10.15

Undirbúningur fyrir gæðastundir í leikskólanum Akraseli

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Gæðastund dags:		Gæðastund dags:	
1. Viðeigandi boðskipti		1. Viðeigandi boðskipti	
2. Orðaforði		2. Orðaforði	
3. Almennur málskilningur		3. Almennur málskilningur	
4. Heyrnarminni		4. Heyrnarminni	
5. Málfræði		5. Málfræði	
6. Setningafræði		6. Setningafræði	
7. Hljóðkerfi / myndun máhljóða		7. Hljóðkerfi / myndun máhljóða	
8. Að læra að hlusta		8. Að læra að hlusta	
9. Fara eftir heyrnrænum fyrirmælum		9. Fara eftir heyrnrænum fyrirmælum	

Hvað var gert?:	Hvað var gert?:
Hvernig gekk?:	Hvernig gekk?:
Annað:	Annað:

Byggt á þróunarverkefni sem unnið var í Brekkubæjarskóla á Akranesi (Ásthildur Bj. Snorradóttir, Arndís Jóhannesdóttir, Bryndís Sigurjónsdóttir, Halldóra Garðarsdóttir, Krístrún Sigurbjörnsdóttir og Þorbjörg Haraldsdóttir, 2004).

10.16

Endurmat á einstaklingsvinnu/hópavinnu í gæðastund/skilgreindri
málörvun eða sérstuðningi

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Útfyllt af: _____ Tímabil: _____

Dagsetning	Þættir sem unnið er með	Hefur náð	Hefur ekki náð	Vinna áfram með

Brynja Helgadóttir, leikskólasérkennari

10.17

Ýmsir orðflokkar og leikaðstæður

Nafnorð – sagnorð – lýsingarorð – fornöfn - smáorð



MYND 2 Dæmi um markvissa málörvun í leikaðstæðum (Manolson, 1992).

Að nýta bækur til þess að búa til skema

Innihald bókar: _____

[illegible]

Barnið:		
	Getur	Getur ekki
Skoðar bókina og þekkir af forsíðu.		
Hlustar á sögu frá byrjun til enda og sýnir einbeitingu.		
Bendir á réttar myndir eftir fyrirmælum.		
Nefnir hvað er á myndum.		
Nefnir persónur.		
Notar einfaldar setningar.		
Sýnir yfirlæslu á stýrðum leikaðstæðum í daglegar aðstæður.		
Leikur ákveðin atriði í bókinni.		

Vinnu með bókina lokið dags: _____

Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og Arndís Jóhannesdóttir þroskajálf.

10.23

Barnið undirbúið undir lestur

Nafn barns: _____ Kt.: _____

Fyllt út af: _____ Dags: _____

Barnið:			
	Getur	Getur ekki	þarf þjálfun
Þekkir bækur af forsíðu.			
Skilur að bækur eru handfjatlaðar á sérstakan hátt.			
Þykist lesa bækur.			
Bendir á réttar myndir eftir fyrirmælum.			
Nefnir hluti í bókum.			
Nefnir persónur í bókum.			
Hlustar á sögur (frá upphafi til enda).			
Biður fullorðna um að lesa eða skrifa.			
Byrjar að veita prentletri athygli.			
Sýnir ætlun í kroti.			
Sýnir stundum aðgreiningu á teikningu og skrift.			
Byrjar að gera tilraunir með það að krotu form sem minna stundum á bókstafi.			
<i>Í lokin er sniðugt að taka saman hugtök sem er verið að leggja áherslu á og rifja þau upp með börnunum. Einnig að skrifa niður heiti á bókunum sem hafa verið lesnar fyrir börnin.</i>			

(Snow, Burns og Griffin, 1988).

10.24

Bókalisti - sýnishorn






Bókaflokkur / bókarheiti	Höfundur / útgáfa	Ritröð	Athugasemd
BÓKAÁHUGI			
Doddi bílstjóri í leikfangalandi	Enid Blyton (2000)		Harðspjalda. Með hnapp
Hvar er Glói?	Lawrence DiFiori (1991)	Skemmtilegu smábarna- bækurnar, nr. 29	
EFTIRHERMA			
Svona stór!	Þóra Másdóttir (2001)		
ENDURTEKNING			
Bláa kannan	Alice Williamson (1951/2010)	Skemmtilegu smábarna- bækurnar, nr. 1	
Græni hatturinn	Alice Williamson (1951/2010)	Skemmtilegu smábarna- bækurnar, nr. 17	
ALMENN MÁLÖRVUN			
Andri fer í bað	Joceline Sans- chagrin (2003)		Harðspjalda
Gettu hver ég er	Ruth Leon (1993)	Skemmtilegu smábarna- bækurnar, nr. 17	
LÝSINGARORÐ			
Bjössu klæðir sig	Rod Campbell (1989)		
Sjáðu	Judy Hamilton (2001)	Skemmtilegu smábarna- bækurnar, nr. 44	
ANDHEITI			
Ari og Erla fara í gönguferð	Kerstin M. Schuld (2006)		Harðspjalda
AFSTÖÐUHUGTÖK			
Óli Þór þó! Hvar er nestið þitt?	Dolores Mayorga (1989)		Flipabók
SAGNORÐ			
Emma gerir við	Gunilla Wolde (1979/2005)		
NAFNORÐ			
Geturðu fundið mig?	Robert Tainsh (2009)	Leitum og finnum	Harðspjalda

10.25

Flokkun á málörvunarefni

Allt málörvunarefni er flokkað og litamerkt. Spil sem hentar til þess að þjálfra t.d. orðaforða og heyrnarminni fær bæði gulan og grænan punkt.

Dæmi um litaflokkun:


Setningafræði - blár	
Málfræði - hvítur	
Heyrnarminni - grænn	
Hljóðkerfisvitund - appelsínugulur	
Orðaforði - gulur	
Almennur málskilningur - rauður	

Þessi flokkun er byggð á þróunarverkefni sem var unnið í Grundaskóla á Akranesi í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur (Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir, Ragnheiður Þóra Grímsdóttir og Sigurveig Sigurðardóttir, 2001).

Meðfylgjandi eru nokkur dæmi um spil, flokkun þeirra, notkunarmöguleika, fyrir hvaða aldur og hvað þau þjálfra.

Tölum saman

- málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn



Efnið samanstendur af:

Möppu með ýmsum skemmtilegum verkefnum til þess að örva málþroska barna á markvissan hátt.

Aldur:

Hugsað fyrir börn í elsta árgangi í leikskóla, en hægt að aðlaga efnið aldri og þroska yngri barna. Einnig ætlað þeim börnum sem eru að læra íslensku sem annað tungumál.

Útgefandi:

Ásthildur Bj. Snorrardóttir og Bjartey Sigurdardóttir.

Hvar er hægt að nálgast möppuna?

Hjá útgefendum.

Hvað er verið að þjálf?

Málþroska nemenda á markvissan hátt út frá ákveðnum málþáttum.

Hugmyndir að notkun:

Sjá möppu og verkefnablöð sem þar eru. Það er einnig aðgengilegt að útbúa vinnubækur til þess að senda heim með börnunum út frá málörvunarkerfinu *Tölum saman*. Ýmist er hægt að ljósrita verkefni eða nota á annan hátt. Ef blað er tekið úr möppunni er nauðsynlegt að það fari þangað aftur.

Hugmynd um hvernig hægt er að nota töfrapoka með mismunandi hlutum

ORÐA-
FORÐI

SETN-
INGA-
FRÆÐI

HLJÓÐ-
KERFIS-
VITUND



Efnið samanstendur af:

Taupoka með hlutum í. Geta verið hvaða hlutir sem er.

Aldur:

Frá tveggja ára aldri.

Hvar er hægt að nálgast spilið?

Heimatilbúið, sem allir geta útbúið.

Hvað er verið að þjálfar?:


Hægt er að þjálfar orðaforða, setningar og framburð.

Hugmyndir að notkun:

- Barnið dregur einn hlut úr pokanum í einu, þreifir á honum og segir hvað þetta er
- Hvetjið barnið til að tala í setningum, t.d.: *Þetta er kubbur*
- Hægt að hvetja barnið til að lýsa hlutum frekar, t.d.: *Þessi hlutur er sléttur, með horn og hann er rauður á litinn* o.s.frv.
- Hægt að spyrja t.d.: *Hvað er hægt að gera með kubb?* o.s.frv.
- Hægt er að hafa eingöngu myndir eða hluti í pokanum sem á að ríma við, t.d. ef barnið dregur mús, þá á það að finna hvað rímar við mús, t.d. *lús, hús* o.s.frv.
- Hægt er að hafa í pokanum hluti sem hægt er að syngja um, t.d. ef bátur er dreginn úr pokanum, þá er hægt að syngja t.d.: *Ég negli og saga og smíða mér bát ...*
- Kims-leikur - Nota innihald pokans í Kims-leik. Hlutir lagðir á borð, börnin leggja hlutina á minnið síðan eru einn eða fleiri hlutir fjarlægðir og barnið á að reyna að muna hvaða hlut/hluti vantar
- Hægt er að nota svona taupoka á ótrúlega margvíslegan hátt - Látið hugmyndaflugið njóta sín.

Farm snap

- myndalottó, minnisspil, samstæðuspil



Efnið samanstendur af:

48 myndaspjöldum af dýrum

Aldur:

Frá þriggja ára aldri. Ef ætlunin er að spila með yngri börnum eru færri myndir notaðar.

Útgefandi:

Ochard Toys.

Hvar er hægt að nálgast spilið?:

Fæst hjá ABC leikföng www.abcleikfong.is

Hvað er verið að þjálf?:


Hægt er að æfa hlustun, orðaforða og setningauppbýggingu. Æfing í því að þekkja dýraheiti.

Hugmyndir að notkun:

- Minnisspil – Allar myndir lagðar á hvolf og börnin skiptast á að snúa tveimur myndum og reyna að finna samstæður. Hvetja börnin til að segja hvað er á myndinni sem þau snúa við
- Þjálfari spyr: Hver á kind? Barnið svarar: Ég á kind. Hægt er að skapa umræður um það hvað kindin borðar, hvað hún segir, hvað afkvæmin heita o.s.frv.
- Ef notuð eru færri spjöld er hægt að spila þetta með yngri börnum. Einnig er hægt að nota myndirnar í málörvunarvinnu, t.d. eiga börnin að lýsa því sem þau sjá á myndunum.

Magnetic Talk Early Action Words

- hugtök sem tengjast sagnorðum



Efnið samanstendur af:

Stórri segulbók, 12 stærri myndaspjöldum (rauð) og 24 minni myndaspjöldum (græn) sagnorðum.

Aldur:

Frá tveggja ára aldri. Hægt að einfalda fyrir yngri börn.

Útgefandi:

Super duper publications.

Hvar er hægt að nálgast spilið?:

Hjá útgefendum:

www.superduperinc.com

Hvað er verið að þjálf?:


Hægt er að æfa orðaforða og setningauppbýggingu. Að hjálpa börnum að æfa notkun og/eða auka skilning á mismunandi sagnorðum, t.d. sitja, hlaupa, sparka, klifra, hoppa, skríða, syngja, grafa, tala.

Hugmyndir að notkun:

- Spilarar velja sér „karakter“, einn eða fleiri, og skiptast á að draga lítil myndaspjöld og segja frá myndinni, t.d. Froskurinn getur synt, Afi getur lesið o.s.frv. og setja myndina á viðeigandi stað í segulbókinni.
- Eins er hægt að velta fyrir sér hvort einhverjir fleiri „karakterar“ geti gert slíkt hið sama, t.d.: *Eru fleiri en froskurinn sem geta synt? Eru fleiri en afi sem geta lesið?* og hvetja þannig til umræðna / samræðna.

Orðaforðabíngó

Webber - Photo Lotto (Around the home and food)



Efnið samanstendur af:

12 spjöldum og 120 myndaspjöldum. Rauðu myndirnar tengjast hlutum sem hægt er að finna á heimilinu og grænu myndirnar tengjast mat.

Aldur:

Frá tveggja ára aldri.

Útgefandi:

Super duper publications.

Hvar er hægt að nálgast spilið?

Hjá útgefendum:

www.superduperinc.com

Hvað er verið að þjálfar?:

Að auka orðaforða og þjálfar setningaupbyggingu. Orðaforði sem þjálfast með þessu spili tengist mat og hlutum sem er að finna á heimili.

Hugmyndir að notkun:


- Barn dregur myndaspjald og spyr t.d. Hver á hamborgara? eða Hver á vekjaraklukku? Sá sem á viðkomandi hlut svarar t.d. Ég á hamborgara eða Ég á vekjaraklukku. Ætlast er til að barnið svari með stuttri setningu, ekki bara einu orði. Hægt er að skiptast á að draga.
- Börnin hafa stór spjöld. Þjálfari dregur kort/mynd og spyr t.d. Hver á ávöxt sem er hringlóttur, appelsínugulur og stundum pínulítið súr á bragðið? eða Hver á hlut sem er með sæti, stýri, bretti og þremur dekkjum á? Leitast skal við að barnið svari með heilli setningu, t.d. Ég á appelsínu eða ég á hjól o.s.frv. ekki bara að svara með einu orði, t.d. Ég eða Hamborgari eða þess háttar.

Learning to sequence - atburðarás

ORÐA-
FORDI

SETN-
INGA-
FRÆÐI

MÁL-
SKILNIN-
GUR



Efnið samanstendur af:

Myndaspjöldum með myndum af mismunandi atburðarás.

Aldur:

Frá þriggja ára aldri, hægt að nota stakar myndir fyrir yngri börn.

Útgefandi:

Carson-Dellosa Publishing

Hvar er hægt að nálgast spilið?:

www.carsondellosa.com

Hvað er verið að þjálf?:

Hægt er að þjálf frásögn, auka orðaforða, setningaupbyggingu og frumkvæði til að tjá sig. Hjálpar börnum til að átta sig á atburðarás, t.d. hvað gerist fyrst og hvað gerist svo.

Hugmyndir að notkun:

- Í tengslum við eitthvað sem verið er að vinna með t.d. sjálfshjálp eða að leika sér
- Hægt er að nota myndirnar til stuðnings við að koma af stað umræðum
- Einnig er hægt að nota stakar myndir og biðja barnið að segja frá því sem þar er að gerast (auka orðaforða/frásagnargleði/hugmyndarflug).

Cock-a-doodle-moo

- hljóðabingó með dýrahljóðum

ORÐA-
FORÐI

HEYR-
NAR-
MINNI



Hugmyndir að notkun:

- Spilað eins og „hefðbundið“ hljóðabingó
- Börnin tengja hljóðin við myndir af dýrum.

Efnið samanstendur af:

Fjórum spilaborðum, fjórum fuglahræðum, 24 myndaspjöldum með myndum af dýrum og öðru sem er að finna á sveitabæ og geisladisk.

Aldur:

Frá tveggja til þriggja ára.

Útgefandi:

Orchard toys.

Hvar er hægt að nálgast spilið?:

Fæst hjá ABC leikföng
www.abcleikfong.is

Hvað er verið að þjálf?:

Hægt er að auka orðaforða og þjálf hlustun og heyrnarminni. Æfing í að tengja dýrahljóð við myndir af dýrum.